

48 stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, myndugleika til að selja hlut-
23. marz. aðeigandi leiguliðum eptirnefndar þjóðjarðir fyrir verð það, sem ákveðið er lægst í tjeðum lögum, og að öðru leyti með skilmálum þeim, sem þar eru heimilaðir. Jarðir þessar, sem í lögnum eru hin 2. 3. 4. og 9. í röðinni, eru þær sem hjer segir:

Þverá í Kleifahreppi; jörð þessa sem með virðingargjörð þeirri, er fyrirskipuð er í 2. gr. nefndra laga er virt á 1820 kr., má selja ábúandanum Guðlaugi Guðmundssyni fyrir 2027 kr.

Hlíð í Leiðvallahreppi, virt á 2000 kr.; hana má selja ábúandanum Sigríði Sveinsdóttur fyrir 2360 kr.

Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu, virt á 3000 kr.; hana má selja ábúandanum Antoni Sigurðssyni fyrir 3200 kr.

Orrastaðir í Húnavatnssýslu, virt á 2500 kr.; hana má selja ábúandanum Ey-
steini Jónssyni fyrir 3000 kr.

Sömmuleiðis skal yður veittur myndugleiki til að gefa út kaupbrjef fyrir nefndum jörðum.

Virðingargjörðir þær, er fylgdu ofannefndu brjefi yðar, endursendast hjermeð.

49 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð.
30. apr. — Samkvæmt tillögum ráðgjafans í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfð-
ingi, dags. 21. f. m., hefir hans hátign konunginum 21. p. m. allramildilegast þóknast
að samþykkja, að eignarjörð Sauðafells kirkju Hamrar í Laxárdal í Dalasýslu í Vestur-
amtinu verði seld í makaskiptum fyrir hálfa jörðina Sauðafell í sömu sýslu, þannig að
fyrnefnd jörð verði eptirleiðis, að því er skattskyldu snertir, skoðuð sem hver önnur
bændaeign en hin síðarnefnda sæti sömu kjörum sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar
leiðbeiningar og frekari birtingar.

50 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um niðurlagning Melakirkju.
23 maí — Samkvæmt ályktun hjeradsfundarins í Borgarfjarðarprófastsdæmi og tillögu yðar, há-
æruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi 8. desember f. á. og eptir að hafa meðtekið yfir-
lýsingu þá frá eiganda Leirárkirkju, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar 10. f. m., vil jeg
hjermeð með skýrskotun til 4. gr. laga um skipun prestakalla frá 27. febrúar 1880 fall-
ast á:

- 1, að kirkjan á Melum í Melasveit verði lögð niður og rifin, og að bæjir þeir, sem nú
heyra til Mela sókn eigi framvegis kirkjusókn að Leirá,
- 2, að sjóður Melakirkju svo og ornamenta hennar og instrumenta og andvirði kirkju-
hússins leggist til Leirárkirkju, gegn því að þessi kirkja verði stækkuð svo, að hún
rúmi söfnuð hinna tveggja sameinuðu sókna.

Aptur á móti er engin heimild til þess að lögum, að eigandi Leirárkirkju fái fyrir
stækkun þessarar kirkju, einsog hann hefur óskað eptir, andvirði 2 seldra hestamæðra og
búshluta sem hafa fylgt Mela stað, þarsem þessir munir sem annað staðarfje verða að